



Íbúaráð Kjalarness

Ósk um upplýsingar um lóðaframboð á Kjalarnesi, svar við bréfi dags. 4. desember 2019.

Á fundi Íbúaráðs Kjalarness þann 12. desember 2019 var lagt fram bréf Íbúasamtaka Kjalarness dags. 4. desember 2019, þar sem óskað var eftir upplýsingum um lóðaframboð á Kjalarnesi. Íbúaráð Kjalarness samþykkti að óska eftir svörum við erindinu frá skrifstofu borgarstjóra og borgarritara. Erindið barst skrifstofu borgarstjóra og borgarritara þann 18. febrúar 2020. Eftirfarandi spurningar voru lagðar fram í bréfinu:

1. Hvaða íbúðalóðir og atvinnulóðir eru til úthlutað á Kjalarnesi og hver eru verð og gjöld á þeim?
2. Hvaða íbúðalóðum og atvinnulóðum hefur verið úthlutað þar sem ekki eru hafnar byggingaframkvæmdir?
3. Hver er staða á skipulagi hesthúsahverfis á Kjalarnesi, hvenær verður hægt að úthluta hesthúsalóðum?

1.

Eftirtöldum íbúða- og atvinnulóðum á Kjalarnesi hefur ekki verið úthlutað:

Íbúðahúsalóðir:

Búagrund 16.

Helgugrund 9, 11, 12 og 14.

Jörfagrund 11, 12, 13, 14, 41-45 og 47-51.

Hofsbraut 56, 58, 60, 62, 64 og 72.

Atvinnuhúsalóðir:

Norðurgrund nr. 3, 5 og 7.

Íbúðahúsalóðirnar Búagrund 16, Helgugrund 9, 11, 12 og 14 og Jörfagrund 11, 12, 13, 14, 41-45 og 47-51, eru staðsettar innan eða í jaðri gamla heimatúns Jörfa, samkvæmt bréfi Minjastofnunar, dags. 28. janúar 2020. Ef byggja ætti á þessum lóðum þarf ýmist að gera könnunarskurði eða fara fram umfangsmikil fornleifarannsókn til þess að kanna hvaða minjar er að finna á lóðunum. Reykjavíkurborg er í viðræðum við Minjastofnun um rannsóknir sem þarf að framkvæma þannig að niðurstaða fáiast hvort byggja megi á einhverjum lóðanna, en ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvort og þá hvaða rannsóknir skuli ráðast í að svo stöddu.

Ekki er til deiliskipulag fyrir íbúðahúsalóðirnar Hofsbraut 56, 58, 60, 62, 64 og 72, lóðirnar eru því ekki hæfar til úthlutunar. Það er til skoðunar hjá embætti Skipulagsfulltrúa hvort unnið verði deiliskipulag fyrir þessar lóðir samhliða gerð hverfisskipulags á Kjalarnesi.


Stefnt er á að setja atvinnuhúsalóðirnar Norðurgrund 3, 5 og 7 í sölufurli á komandi mánuðum. Gert er ráð fyrir að lóðirnar verði seldar í útboði.

2.

Ekki eru hafnar byggingaframkvæmdir á lóðunum Jörfagrund 54, 56, 58 og 60. Engum atvinnuhúsalóðum hefur verið úthlutað þar sem byggingaframkvæmdir eru ekki hafnar.

3.

Það er ekki búið að deiliskipuleggja hestúshverfi á Kjalarnesi en það er hins vegar búið að tilgreina svæði skv. aðalskipulagi, sjá svæði ÍB6 á mynd. Til stendur að ráðast í gerð hverfisskipulags fyrir svæðið þar sem m.a. mætti skoða hestúshverfi á umræddum stað. Bent er á að hafa samband við embætti Skipulagsfulltrúa varðandi frekari upplýsingar um hestúshverfi á Kjalarnesi.



Hrefna Þórsdóttir
lögfræðingur, skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Hjálagt:

Bréf Minjastofnunar, dags. 28. janúar 2020. Jörfi Grundarhverfi á Kjalarnesi - fornleifar.